



Eyðing í nafni aðstoðar

Og ég stofnaði AZK til þess að fólkið sem hefðbundnu fjölmiðlarnir hafa svikið og logið að, fari loksins að geta séð í gegnum þessar rosalegu mótsagnir við opinberar staðhæfingar. Þess vegna stofnaði ég líka Klagemauer TV. Sinna sama verkefni.



Eyðing í nafni aðstoðar

Og ég stofnaði AZK til þess að fólkið sem hefðbundnu fjölmiðlarnir hafa svikið og logið að, fari loksins að geta séð í gegnum þessar rosalegu mótsagnir við opinberar staðhæfingar. Þess vegna stofnaði ég líka Klagemauer TV. Sinna sama verkefni.

Klagemauer TV lætur t.d. í sér heyra þegar þöggud er niður öll umræðu gegn þöggun!

Klagemauer TV gerir áhorfendur sína næma fyrir því að heyra þennan einhliða tón sem fylgir allri tónlist fjölhyggjunnar. Þeir eiga aftur að taka eftir því þegar með eintómum slagorðum er bólsótast yfir beitingu á slagorðum. AZK var stofnað til þess að þjóðirnar átti sig aftur á því í hverju þær eru lentar. Að í nafni lífsbjargar séu þær einmitt að grafa sér sína eigin gröf! Þið áhorfendur Klagemauer. TV, dreifið þessvegna útsendingunum okkar hvar sem hægt er. Það er mikilvægt að við áttum okkur loksins á því að hér niðri er eitthvað gríðarlega úr lagi gengið. Það er bókstaflega allt á hvolfi.

Blaðamennirnir eyðileggja upplýsingarnar, háskóla- og stundakennarar menntunina, vísindamennirnir forna vitneskju okkar; lækna og lyfjafyrirtækin eyðileggja í síauknum mæli líf okkar og heilsu, bankarnir gjaldmiðlana og sparnaðinn okkar. Tryggingafélögin arðræna okkur allt frá því að þau hneptu okkur í þrældóm í nafni öryggis; prestarnir okkar og prédikar rústa trú og öllum trúarbrögðum, dómskerfið eyðileggur heilbrigð lög og réttindi. Lögreglan okkar er þvinguð með lögum að leyfa opinskátt rán á frelsi okkar, venjum og landi. Stjórnámálamennirnir okkar eyðileggja áttuga og þjóðerni.

Að hvorki sé refsað fyrir lygar né svik, og það í mjög stórum stíl, er orðið hversdagslegt. Brátt vita nánast allir að stóru fjölmiðlarnir okkar segja okkur ekki sannleikann. Þeir eru bókstaflega orðnir stökkpallur og málpípa fyrir hina verstu stríðsáróðursmenn. En nánast því enginn vogar sér að nefna þá lygara og svikara, hvað þá að þeir séu látnir svara til saka sem stórhættulegir vitorðsmenn stríðsæsingmanna. Nei, þvert á moti horfir heimurinn aðgerðarlaus á hvernig NATO er löngu farið að iðka árásarstríð í nafni varnar, hvernig sannað er að á grundvelli svakalegs lygavefs hafi NATO sprengt heilu löndin í tætlur, drepíð milljónir óbreyttra borgara. Og samt tekur enginn alþjóðadómsdóll í taumana og dæmir þá fyrir þjóðarmorð. Það er orðinn eðlilegasti hlutur í heimi að snaróðir úlfar í sauðagæru smeygi sér inn í stjórn málin, efnahagslífið, vísindin, menntunina og trúarbrögðin.

Hver sem er getur t.d. lesið á netinu hvernig sú stofnun sem t.d. kallar sig „Pro Familia“ vinnur í raun rétttri með öllum hugsanlegum ráðum gegn fjölskylduhefðinni. Horfiði endilega á sér-útsendingar okkar hvað þetta mál varðar. Því nákvæmlega eftir þessari fyrirmynd vinna hundruðir annarra eyðileggjandi hreyfinga og stofnana. En jafnvel þótt sannað sé þúsundfalt að slík verndunarsamtök stundi niðurbrot af allra versta tagi, snúa sviknar þjóðir samt ekki bakinu við kvölurum sínum.

Í nafni barnaverndar samþykkja þær áfram að börnunum sínum sé rænt. Að í nafni umhverfis- og náttúruverndar séu þær rændar sparnaðnum og góðri samvisku. Í nafni þjóðarréttarins leyfa þær rán á þjóðerni sínu, í nafni samstöðu - sínum eigin persónulega rétti. Í nafni baráttu gegn hryðjuverkum leyfa þjóðirnar í æ ríkari mæli að þær séu rændar

einkalífi og frelsi. Í nafni varnamála - hlutleysi sínu. Hér gæti maður haldið endalaust áfram. Í nafni þjóðabandalags rænir maður þjóðirnar hvers konar sjálfbærni, þ.e.a.s. sjálfstæði og fullveldi. Í nafni menntunar látum við ræna okkur heilbrigðri skynsemi. Í nafni félagsþjónustu bindum við okkur á fáránlega dýran ættarklafa og þar að auki við einhverjar algerlega ókunnugar og hnignandi ættir. Í nafni eituryfjabaráttu horfum við upp á hvernig einmit þau eituryf eru lögleidd sem komu allri eituryfjahörmunginni af stað. Við vitum af dramatískri aukningu á sykursýki, að bráðum séu 5. hver kona og 3. hver karlmaður krabbameinssjúkur og þúsundir annarra slíkra hluta.

En samt virðumst við ekki geta dregið hina raunverulegu upphafsmenn alls þessa til ábyrgðar, því þeir verstu þeirra hafa búið sér bæli á efstu stöðum, í stjórnámálum, í dómskerfinu, í trúarbrögðum, í hverri einustu mikilvægri stjórnunarstöðu í samfélaginu okkar. Alheimssamfélagið horfir aðgerðarlaust á. Nei, enn verra, það hefur vísað ábyrgðinni frá sér. Og vegna þess að við höfum gefið ábyrgðina frá okkur þá er okkur nú mismunað til að hindra mismunun, við kúguð í nafni frelsis, ofsótt og útilokuð í nafni bróðurkærleika og einingar. Við erum rægð í nafni sannleika, svipt málfrelsinu í nafni skoðanafrelsis, sett undir járnhæl einræðis í nafni húmanísku lýðræðis. Við erum pyntuð í nafni mannúðar, sett í banvæna hræru í nafni umburðarlyndis. Hvers konar svefngenglar erum við eiginlega! Við höfum vanvirt einföldustu náttúrulögmál og leyft þar með glæpsamlegum svikum að ráða ferðinni. Og afleiðing þess er að núna bíður okkar erfið þrekaun.

Og eitt skal ég segja þér: Ef við getum ekki afstýrt þeim tíma sem nú gengur í garð, fyrir kraftaverk eða einhvernvegin, annað hvort muntu - gættu nú vel að því sem ég segi - annað hvort muntu vordæma Guð, bölvu Guði eða þú munt hrópa til hans.

Þú munt gera annað tveggja. Vegna þess að það sem er í vændum er svo hrikalegt að þú munt annað hvort hrópa til Guðs eða bölvu honum. Nú orðið er bara annað-hvort-eða. En eitt skal ég segja þér: Ég er ekki hér til að predíka þér lausnir. Við erum búin að predíka nóg af lausnum. En ég get létt hulunni af einu. Eitt vil ég segja þér. Ef þú hrópar til Guðs og bölvur honum ekki, þá skal ég segja þér hvert svar hans verður. Veistu hvað það verður? Þetta var þitt mál, þetta er þitt mál. Ef þú stendur ekki upp og ERT, ef þú ert ekki boðskapurinn, ef þú ERT ekki ljósið, þá er ekkert ljós hér niðri. Vissulega gefur hinn lifandi Guð ljós, en bara í gegnum þig, ekki bara einfaldlega svona. Gleymdu því. Ykkur sem eru kristnir þarna út, ég segi ykkur: Þið getið gert það sem þið viljið. Það mun enginn koma að himnum ofan, eins og þið hafið predíkað. Annað hvort eru þið ljósið og þá sér maður hvar glæpirnir eru og maður sér hvar fólkíð situr við stjórnvölinn. Maður hrindir þeim frá kjötkötlunum, ýtir þeim frá stýrinu, steypir þeim af stóli vegna þess að maður getur orðið séð til. Vegna þess að ljósið er komið. Maður tekur í hnakkadrambið á þeim og segir: Nú er komið nóg! Nú svifti ég þig þessu umboði! Þú hefur engan rétt til þess lengur því við höfum séð í gegnum ykkur!

Við höfum séð að þið eru ekki „okkar“ fólk! Hafið aldrei verið það! Annars hefðu þið borið umhyggju fyrir okkur. En í gegnum ykkur er ókunnug leppstjórn að verki! Alþjóðleg öfl sem vilja markvisst koma öllum þjóðum, öllum trúarbrögðum, menningarsvæðum og þjóðarbúum undir sína stjórn. En einmitt þessu er lokið. Í krafti Guðs þá bindum við enda á þessa sjúklega tilfinningalausú peninga-, drottunar-, og valdagræðgi! Í nafni Guðs segjum við: Stopp! Hingað og ekki lengra! Við eru þessir ósigranlegu Gaulverjar mitt í Rómverska ríkinu! Þjóðir, rísið upp, standið á fætur og verðið ljós ásamt okkur, dreifið öllum þessum mikilvægu Klagemauer TV útsendingum, hvar sem þið getið! Því þar sem ljósið ríkir ekki, ríkir myrkrið áfram.

eftir is.

Heimildir:

<http://www.anti-zensur.info/azk12/ivosasekazk12>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Strid-Baratta - Stríð-Barátta milli landa - www.kla.tv/Strid-Baratta

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispresann getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:   Creative Commons leyfi sé höfundar getið

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknunum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.